

**152. löggjafarþing 2021–2022.**

**Þingskjal 1052 — 678. mál.**

**2. umræða.**

## Breytingartillaga

**við frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, lögum um almannatryggingar og lögum um húsnæðisbætur (mótvægisáðgerðir vegna verðbólgu).**

Frá Guðmundi Inga Kristinssyni, Ásthildi Lóu Þórsdóttur, Eyjólfí Ármannssyni, Helgu Þórðardóttur, Jakobi Frímanni Magnússyni og Tómasi A. Tómassyni.

Í stað orðanna „3,0% frá 1. júní 2022“ í 2. gr. komi: 4,5% frá 1. janúar 2022.

**Grei nargerð.**

Frumvarpið felur í sér að bætur almannatrygginga skuli hækkaðar um 3,0% frá og með 1. júní 2022. Sú uppfærsla á samkvæmt greinargerð frumvarpsins að milda áhrif verðbólgu á lífeyrisþega almannatrygginga.

Þegar litið er til þess að lífeyrisþegar almannatrygginga hafa orðið fyrir mikilli kjaragliðnun vegna þess að fjárhæðir almannatrygginga hafa ekki fylgt launaþróun verður að telja að 3% hækkan dugi engan veginn til að rétta hlut þeirra. Stjórnvöld lofuðu auk þess endurskoðun almannatryggingakerfisins en ljóst er að þeirri endurskoðun verður ekki lokið í bráð. Því þykir rétt að hækka fjárhæðir almannatrygginga umfram tillögu ríkisstjórnarinnar, eða um 4,5%, og láta þá hækkan gilda afturvirkt frá síðustu áramótum, enda hefur verðbólga mælst umfram spár undanfarna mánuði.